

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 6/2001

frá 31. janúar 2001

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/1999 frá 29. janúar 1999⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/52/EB frá 26. júlí 2000 um breytingu á tilskipun 80/723/EBE um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkja og opinberra fyrirtækja⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE) í XV. viðauka við samninginn.

„- **32000 L 0052:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/52/EB frá 26. júlí 2000 (Stjtið. EB L 193, 29.7.2000, bls. 75).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 43 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 112.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 193, 29.7.2000, bls. 75.

2. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/52/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.